

Fundur nr. 214.

Föstudagurinn 13. mars var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Einar B. Einarsson, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stoppistöðvar, lagðar fram hugmyndir um næstu skref.
2. Vinnustaðgreining, niðurstöður kynntar.
3. Stefnumótun, frh.
4. Aðalfundur Strætó, umræður.
5. Markaðsplan ársins 2015, lagt fram til kynningar.
6. Vörumerkið Strætó, kynning.
7. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks, umræður.
8. Akstursútboð, lagt fram minnisblað frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar.
9. Appið, skjámyndir.

1. Stoppistöðvar.

Farið yfir stöðuna og næstu skref. Umræður um málið með það að markmiði að bæta þjónustu á Hlemmi og í Mjódd.

2. Vinnustaðgreining.

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri, kynnti frumniðurstöður vinnustaðgreiningar sem MMR framkvæmdi fyrir Strætó um mánaðamótin janúar/febrúar 2015. Stjórn óskar eftir að fá ítarlegar niðurstöður og aðgerðaáætlun þegar hún liggur fyrir.

3. Stefnumótun.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna, skipurit verður kynnt stjórn til samþykktar í apríl.

4. Aðalfundur Strætó bs.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að tímasetningu sameiginlegs aðalfundar byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem er fyrirhugaðar í apríl. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma með tillögu að ársfundi Strætó bs.

5. Markaðsplan ársins 2015.

Markaðsplan ársins 2015 var lagt fram til kynningar.

6. Vörumerkið Strætó.

Fulltrúar frá íslensku auglýsingastofunni héldu kynningu á staðsetningu vörumerksins Strætó.


7. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks.

Umræður um stöðuna á ferðaþjónustunni.

8. Akstursútboð.

Farið yfir minnisblað frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar.

Umræður um málið. Stjórn samþykkir með vísan í fyrirliggjandi álit frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar, að fara í samningskaupaferli að undangenginni útboðsauglýsingu. Ákvörðun um magn og tíma verður tekin síðar.



9. Appið.

Frestað til næsta stjórnarfundar.

Næsti fundur 27. mars kl. 11:00

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- ✓ Markaðsplan ársins 2015.
- ✓ Minnisblað frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar.
- ✓ Kynning frá Íslensku auglýsingastofunni.




---

Bryndís Haraldsdóttir




---

Kristín Soffía Jónsdóttir




---

Einar B. Einarsson




---

Gunnar Valur Gíslason



---

Sigrún Edda Jónsson



---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir